



H Ú S A F R Í Ð U N A R N E F N D



Á R S S K Ý R S L A

2008

Skýrsla um starf Húsafriðunarnefndar og yfirlit yfir styrkveitingar úr Húsafriðunarsjóði

Húsafriðunarnefnd 2009  
Nikulás Úlfar Másson

Mynd á forsiðu:  
Tómasarhagi 31, Reykjavík

Prentvinnsla og hönnun  
Prentsmiðjan Oddi

Öll réttindi áskilim.  
Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið.

# Ávarp

Víðtæk þekking á byggingararfi þjóðarinnar er grundvöllur fyrir allri stefnumótun um framtíð byggðar á Íslandi. Þannig eru ákvarðanir um breytingar á byggðinni teknar á grunni upplýsts mats á varðveislugildi einstakra húsa, samstæðum húsa og jafnvel stærri svæða og hverfa. Hin síðari ár hefur verið leitast við að beina sjónum í auknum mæli að varðveislu stærri, menningarsögulegra heilda í þéttbýli, frekar en verndun einstakra húsa. Með þessa þekkingu að leiðarljósi er tryggt að sögulegu samhengi er við haldið og sérkennum og einkennum byggðarinnar ekki raskað með einstökum inngrípum, að breytingar falli vel að byggðinni sem fyrir er og styrki hið sögulega umhverfi í stað þess að bera það ofurliði. Gerð húsakannana, þar sem niðurstaðan er mat á varðveislugildi, er lykillinn að þekkingu á byggingararfinum og að vel takist til við skipulag byggðarinnar til framtíðar. Í skipulags- og byggingarlögum er kveðið á um gerð húsakannana þegar gert er deiliskipulag í byggðu hverfi sem hafa skuli til hliðsjónar við gerð skipulags.

Fyrsta eiginlega húsakönnunin var gerð á árunum 1969 til 1971 í kjölfar samþykktar nýs aðalskipulags fyrir Reykjavík. Síðan hafa verið gerðar húsakannanir á nokkum þéttbýlissstöðum á landinu en sumum þeirra var því miður ekki lokið með mati á varðveislugildi byggðarinnar. Betur má ef duga skal.

Nú liggur fyrir Alþingi nýtt frumvarp til laga um menningarminjar. Þar er gert ráð fyrir breytingum á skipan minjavörslunnar á Íslandi. Helstu breytingar á núverandi lögum um húsafriðun, sem snýr að því sem hér er til umfjöllunar, eru breytingar á ártölum sem segja til um friðun húsa og umsagnarskyldu. Nú eru öll hús friðuð sem byggð eru fyrir 1850, en samkvæmt nýju frumvarpi færast það til ársins 1900 og jafnframt er kveðið á um að tilkynna skal til Húsafriðunarnefndar allar breytingar á húsum sem byggð eru fyrir 1925, en nú miðast tilkynningarskylda við árið 1918. Verði þetta frumvarp að lögum fjölgar mjög friðuðum húsum og þeim húsum sem falla undir tilkynningarskyldu. Ljóst má vera að erfitt verður við þetta að eiga nema gerðar verði ítarlegar húsakannanir sem segja til um aldur húsa með óyggjandi hætti og lagt mat á varðveislugildi byggðarinnar. Í framhaldi af þeirri vinnu yrði síðan lagt mat á það hvort öll þau hús sem koma til með að falla undir ákvæði um sjálfkrafa friðun vegna aldurs, séu þess verðug að vera friðuð.

Það var í þessu ljósi og með hliðsjón af ástandi efnahagsmála sem Húsafriðunarnefnd samþykkti áskorun til sveitarfélaga og arkitekta á síðasta hausti, að beina sjónum sínum að þessum málaflokki. Jafnframt var tekið fram að Húsafriðunarnefnd myndi láta gerð húsakannana hafa forgang við úthlutun styrkja úr Húsafriðunarsjóði.

Vel var brugðist við þessari áskorun og bárust mun fleiri umsóknir um gerð húsakannana til Húsafriðunarsjóðs en áður. Til að tryggja samræmda vinnu við gerð húsakannana um allt land er Húsafriðunarnefnd að láta gera skráningarblað á tölvutæku formi. Það mun verða tilbúið vorið 2009 og afhent þeim sem hyggjast rannsaka hinn íslenska byggingararf og auka þannig á þekkingu okkar á þessum mikilvæga þætti í menningarsögu Íslands

*Nikulás J. Mátsson*



## Húsafríðunarnefnd

Í Húsafríðunarnefnd eiga sæti:

**Þorsteinn Gunnarsson**, arkitekt, sem er formaður nefndarinnar,  
**Pétur H. Ármannsson**, arkitekt, sem er varaformaður,  
**Einar Njálsson**, verkefnastjóri Félagsmálaráðuneyti,  
**Guðmudur Þór Guðmundsson**, framkvæmdastjóri Kirkjuráðs.

Varamenn eru þau:

**Gylfi Guðjónsson**, arkitekt,  
**Ingunn Guðmundsdóttir**, deildarstjóri,  
**Júlíana Gottskálksdóttir** arkitekt og forstöðumaður Listasafns Einars Jónssonar,  
**Guðrún Kristinsdóttir**,  
**Lýður Pálsson**, safnstjóri.

Júlíana Gottskálksdóttir hefur settið alla fundi nefndarinnar frá því er

**Nikulás Úlfar Mátsson** var skipaður forstöðumaður þann 1. nóvember 2007.

**Margrét Hallgrímsdóttir** þjóðminjavörður hefur seturétt á fundum nefndarinnar.

## Húsafríðunarsjóður

Húsafríðunarnefnd stjórnar Húsafríðunarsjóði, en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum og til húsa sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi að mati Húsafríðunarnefndar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingararfi og útgáfu rita um hann.

Húsafríðunarnefnd úthlutar styrkjum úr Húsafríðunarsjóði samkvæmt reglugerð um sjóðinn.

Umsóknarfrestur í sjóðinn skal að jafnaði hefjast 1. október ár hvert og þurfa umsóknir að berast fyrir 1. desember.

Fjárframlög til sjóðsins koma annars vegar af fjárlögum og hins vegar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

## Starfssvið

### Húsafríðunarnefndar

Húsafríðunarnefnd ríkisins starfar samkvæmt lögum um húsafríðun nr. 104/2001. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi. Hlutverk Húsafríðunarnefndar er að stuðla að varðveislu byggingarararfs þjóðarinnar. Því hlutverki sinnir hún með margvíslegum hætti, m.a. með því að:

- móta stefnu í húsverndunarmálum,
- meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra,
- fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald og endurbætur á friðuðum húsum,
- hafa eftirlit með friðuðum húsum og þeim framkvæmdum sem nefndin styrkir,
- gefa álit á áformum um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist eru milli 1850 og 1918,
- stjórna húsafríðunarsjóði og veita úr honum styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins,
- halda skrá yfir friðuð hús í landinu,
- veita ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu gamalla húsa,
- stuðla að gerð húsakannana og útgáfu þeirra,
- standa fyrir byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

## Starfsmenn

### Húsafríðunarnefndar

Forstöðumaður Húsafríðunarnefndar er Nikulás Úlfar Mátsson arkitekt.

Aðrir starfsmenn: Ragnar Jón Gunnarsson arkitekt, Jón Pálsson sérfræðingur, Guðlaug Vilbogadóttir fornleiffræðingur og Einar S. Hjartarson húsasmiður. Einar hætti störfum hjá nefndinni á árinu. Arnar Jón Ragnarsson var ráðinn tímabundið í skráningarvinnu.

## Starfsemi 2008

Haldnir voru 15 fundir í Húsafríðunarnefnd á árinu 2008. Aldrei hafa verið haldnir svo margir skráðir fundir á einu ári í Húsafríðunarnefnd svo vitað sé og voru umfjöllunarefni og starfsemi nefndarinnar mikil á árinu. Auk hefðbundinna afgreiðslna erinda sem bárust vegna breytinga á friðuðum og varðveisluverðum húsum, umfjöllunar um styrki úr Húsafríðunarsjóði og almenna ráðgjöf, hafði nefndin afskipti af deiliskipulagsáætlunum í miðborg Reykjavíkur og fyrirhuguðu niðurrifi húsa vítt og breytt um landið auk þess sem mikil umfjöllun var um innra starf Húsafríðunarnefndar á árinu (sjá bls. 11).

Árið hófst með athugasemdum Húsafríðunarnefndar um fyrirhugað niðurrifi húsanna að Laugavegi 4 og 6 í Reykjavík. Húsafríðunarnefnd hafði í viðræðum við borgaryfirvöld vakið athygli á varðveislugildi umræddra húsa og gert athugasemdir við nýbyggingar sem borgaryfirvöld höfðu heimilað á lóðunum, en án árangurs. Húsafríðunarnefnd taldi málsmeðferð skipulagsyfirvalda Reykjavíkur ámælisverða í ljósi þeirrar ábyrgðar sem sveitarfélög bera skv. skipulags- og byggingarlögum, um að gæta húsverndarsjónarmiða við gerð deiliskipulagsáætlana. Svo virtist sem aðrir hagsmunir hafi ráðið ferðinni í skipulaginu, án minnstu tilslökunar í þágu minjaverndar og ásýndar Laugavegar sem einnar elstu verslunargötu í Reykjavík. Deiliskipulagi umræddra lóða var breytt í tvígang án samráðs við Húsafríðunarnefnd, en að mati nefndarinnar höfðu þær veruleg, óæskileg áhrif á nánasta umhverfi hins friðaða húss að Laugavegi 2. Var álitnið að varðveislugildi hússins myndi minnka mikið ef byggt yrði á lóðunum í samræmi við þær teikningar sem samþykktar voru í skipulagsráði Reykjavíkur án samráðs við nefndina og því hafði endanleg afstaða til niðurrifs húsanna ekki komið frá Húsafríðunarnefnd.

Var það samróma álit nefndarmanna að að svo komnu máli og með tillitit til allra þeirra atriða sem hér að ofan er getið, gæti Húsafríðunarnefnd ekki skorast undan því að grípa inn í þetta ferli sem miðaði að niðurrifi húsanna og gerð nýbyggingar sem talin var geta rýrt götumynd Laugavegar á þessum sögulega kafla og þar með gildi hins friðaða húss að Laugavegi 2. Á fundi sínum þann 8. janúar samþykkti nefndin að leggja til við menntamálaráðherra að húsin að Laugavegi 4 og 6 skuli vera friðuð. Þrátt fyrir þessa samþykkt Húsafríðunarnefndar hélt niðurrif húsanna áfram og á fundi sínum þann 14. janúar ákvað nefndin að skyndifriða umrædd húsið. Eftir að Reykjavíkurborg hafði




Laugavegur 4 og 6



Laugavegur 4 í upphafi 20. aldar

Laugavegur 6 um 1900






Hafnargata 11 fyrir niðurt



Hafnargata 11 eftir niðurt



Silfurgata 5, gömul mynd



Silfurgata 5, ný mynd

keypt húsin að Laugavegi 4 og 6 til að tryggja varðveislu þeirra féllst Húsafríðunarnefnd frá áformum um friðun húsanna. Þetta mál fékk mjög mikla umfjöllun í fjölmiðlum og var forstöðumaður kallaður í fjöldamörg viðtöl vegna þess.

Í lok árs 2007 barst tilkynning til Húsafríðunarnefndar um að vinna væri hafin við niðurtöku verslunarinnréttinga í húsinu að Hafnargötu 11 á Seyðisfirði. Ekkert samráð hafði verið haft við nefndina áður en hafist var handa við niðurrif þessara einu elstu verslunarinnréttinga á Íslandi. Í góðri samvinnu við heimamenn tókst að stöðva þá vinnu og á fundi sínum þann 8. janúar harmaði nefndin þetta frumhlaup og lýsti yfir vilja sínum til samstarfs um framtíð þeirra. Á fundi sínum þann 30. janúar samþykkti Húsafríðunarnefnd að leggja til við menntamálaráðherra að húsið að Hafnargötu 11 á Seyðisfirði, ásamt verslunarinnréttingum, skuli vera friðað.

Í upphafi ársins átti forstöðumaður fund með embættismönnum og kjörnum fulltrúum Ísafjarðarbæjar vegna fyrirspurnar bæjarstjórnarinnar um viðhorf Húsafríðunarnefndar til niðurrifs hússins að Silfurgötu 5, gamla bakarísins. Forstöðumaður gerði grein fyrir þessum fundi á fundi Húsafríðunarnefndar þann 4. mars og samþykkti nefndin bókun þar sem m.a. kemur fram að sérstaða Ísafjarðar sé mikil í byggingarsögu þjóðarinnar og að húsið að Silfurgötu 5 sé óaðskiljanlegur hluti þeirrar sögu. Lýsti nefndin yfir vilja sínum til að koma að varðveislu hússins, bæði með beinu fjárframlagi og ráðgjöf. Þá lagðist nefndin gegn niðurrifi hússins að Mánagötu 2 til að stækka lóð barnaskólans, með sömu rökum.

Í janúar skemmdist húsið að Aðalgötu 16, Kaffi Krókur, á Sauðárkróki mikið í eldi. Forstöðumaður átti fund með embættismönnum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og eiganda hússins skömmu síðar, þar sem fram kom að Húsafríðunarnefnd lýsti sig reiðubúna að koma að endurbyggingu hússins bæði með beinu fjárframlagi og ráðgjöf.

Eins og lög gera ráð fyrir hafði Húsafríðunarnefnd afskipti af fjölmörgum friðuðum og varðveisluverðum húsum. Af friðuðum kirkjum skulu þessar helst nefndar: Eskifjarðarkirkja hin eldri (athugasemd gerð við ástand), Fríkirkjan í Reykjavík (loftinntak), Viðvíkurkirkja (athugasemd vegna ástands), Þingvallakirkja (endurbætur og lóðarfrágangur), Saurbæjarkirkja á Kjalarnesi (endurbætur), Hafnarfjarðarkirkja (nýtt orgel), Neskirkja (gluggabreyting), Stóra Laugardalskirkja Tálknafirði (endurbætur). Af friðuðum húsum skulu nefnd: Gamla Búð Eskifirði (flutningur), Alþingishúsið (ný lýsing innanhúss), Landlyst Vestmannaeyjum (veitingasala), Þingholtsstræti 29A Esjuberg, Reykjavík (viðbygging), Aðalstræti 8 Ísafirði (viðbygging), Garðastræti 23, Vaktarabærinn (endurbætur og viðbygging), Heilsuverndastöðin (innréttingar), Smiðshús Árbæjarsafni (endurbætur), Fríkirkjuvegur 1, Miðbæjarskólinn (breytingar innanhúss), Garðskagaviti (beta aðgengi), Listasafn Einars Jónssonar (viðbygging og skábraut), Norræna húsið (breytingar í veitingasal), Melaskóli (skábraut). Þá komu erindi um fjölmörg önnur hús til afgreiðslu hjá Húsafríðunarnefnd. Af þeim skal helst nefna: Kirkjutorg 4 (endurgerð á framhlið), Landspítalinn (viðbygging), Bræðraborgarstígur 31 (vegna deiliskipulags), Vesturbæjarsundlaug (viðbygging), Skúlatún 2 (gamli borgarstjórnarsalurinn), Skólalábrú (svalir), Brekkenshús við Útstekk í Reyðarfirði

6

(niðurrif), Þinghóltsstræti 2-4 (endurbætur), Bjarg í Papey (niðurrif vesturenda), Laugavegur 50 (breytingar og viðbygging), Aðalstræti 11 Ísafirði (ný hurð og tröppur), Hof á Höfðaströnd (breytingar og endurbætur), Skólastræti 3B (niðurrif), Tjarnargata 12 Tjarnarbíó (breytingar innanhúss og viðbygging), Öngulsstaðir í Eyjafirði (breytingar og endurbætur), Grundarstígur 10 (hækkun og svalir), Vesturgata 2 (nýr kvistur), Bergstaðaðstræti 22 (endurbætur), Sauðafell í Dölum (heimild til niðurrifs, en eftir fund forstöðumanns með eigendum var afraðið að ráðast í endurbætur á gamla íbúðarhúsinu).

Mikil gróska var í gerð deiliskipulags og áætlanagerð um framkvæmdir í eldri hverfum Reykjavíkur á árinu. Af þessum sökum var Húsafriðunarnefnd oflega kölluð til skrafs og ráðagerða auk þess að veita ráðgjöf og gera umsagnir um hin ýmsu verkefni. Þau helstu eru eftirfarandi:



Horn Austurstrætis og Lækjargötu, Tölvugerð mynd



Norræna húsið



Kirkjutorg 4



Öngulsstaðir í Eyjafirði

27. febrúar Kynning á deiliskipulagstillögu af lóðunum Austurstræti 22 og Lækjargata 2. Arkitektar frá Studio Granda, Gullinsniði og Argos kynntu stöðu deiliskipulagsvinnu eftir bruna húsanna að Austurstræti 22 og Lækjargötu 2 í apríl 2007. Húsafriðunarnefnd átti fund á vettvangi með fulltrúum frá Reykjavíkurborg, framkvæmdaaðilum og hönnuðum og fór forstöðumaður á tvo fundi vegna þessarar vinnu með framkvæmdanefnd og hönnuðum í húsakynnum Framkvæmdasviðs Reykjavíkur.
19. mars Barónsreitir, sem afmarkast af Laugavegi, Vitastíg, Skúlagötu og Barónssíg. Björn Gunnlaugsson fulltrúi eigenda kynnti nýtt deiliskipulag reitsins. Þar er gert ráð fyrir stórri byggingu sem nær allt frá Laugavegi, á brú yfir Hverfisgötu og niður á Skúlagötu.
8. ágúst Listaháskóli. Hönnuðir, + arkitektar kynntu vinningstillögu að nýjum Listaháskóla við Laugaveg í húsakynnum skólans í Laugarnesi.
20. ágúst Hljómalindarreitur. Hönnuðir (arkitektur.is) og eigendur kynntu nýtt deiliskipulag reitsins.

Önnur stór skipulagsmál í Reykjavík, sem fjallað var um á fundum Húsafriðunarnefndar voru Ingólfstorg/Thorvaldsensstræti, Naustareitur, Kárastígsreitur og Fálkagötareitir.

Í febrúar áttu formaður og forstöðumaður fund með skipulagsyfirkvöldum í Reykjavík þar sem farið var vítt og breytt yfir sviðið en helstu umræðuefni voru: friðunartillögur, deiliskipulag Ingólfstorgs, Hljómalindarreitur, flutningur Gröndalshúss við Vesturgötu, fyrirhuguð bygging Listaháskóla Íslands við Laugaveg, horn Austurstrætis og Lækjargötu og Kirkjutorgsreitur.

Sveitarstjórnir vítt og breytt um landið eru að láta vinna aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Þau sem sent hafa drög að aðalskipulagsvinnunni til Húsafriðunarnefndar til umsagnar eru Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Norðurþing og Fljótsdalshérað. Í svarbréfum var greint frá því að Húsafriðunarnefnd legði mikla áherslu á gerð húsakannana sem einn af þeim þáttum sem tekið verður tillit til við gerð umhverfismats aðalskipulagsins. Að minnsta kosti verði gengið þannig frá aðalskipulagi að stefnumörkun varðandi varðveislu eldri byggðar sé skýr.

## Húsasafn Þjóðminjasafnsins



*Bustarfell*

Þann 8. mars 2008 var þjónustusamningur Húsafriðunarnefndar og Þjóðminjasafns Íslands endurnýjaður með undirskrift Þjóðminjavarðar og forstöðumanns Húsafriðunarnefndar. Tilgangur samningsins er að tryggja sem best varðveislu húsanna ásamt umhverfi þeirra með samvinnu tveggja stofnana. Samkvæmt samningnum felst hlutverk nefndarinnar í því m.a. að meta viðgerðarþörf einstakra húsa, gera verk- og kostnaðaráætlanir, hafa umsjón með hönnun og framkvæmdum og sinna faglegu eftirliti.

Unnið var að viðgerðum á fjölmörgum húsum í húsasafninu á árinu. Er þar helst að nefna: Bustarfell (gerður brunnur, tengdur drenlagn), Galtastaðir (torfveggir endurhlaðnir), Keldur (ýmis viðhaldsvinna), Þverá í Laxárdal (skemmturbyggð), Sómastaðir (endurbætur), Selið Skaftafelli (torfveggir lagfærðir), Pakkhúsið Hofsósi (tjargað), Teigarhorn (endurbætur hafnar), Nesstofa (endurbótum lauk að mestu á árinu og var húsið formlega opnað að nýju á júní, að viðstöddum fjölmörgum gestum, bæði innlendum og erlendum. Sjá rammagrein).

*Þorsteinn Gunnarsson:*

### Um Nesstofu, byggingarlist hennar og húsameistara

Jakob Fortling fæddist árið 1711 í Bayreuth í Þýskalandi þar sem hann lærði steinsmiði og múrverk. Hann fluttist til Kaupmannahafnar 1729 og hóf að starfa sem steinsmiður við byggingar sem reistar voru af dönsku stjórninni. Smíðaði hann

jöfnum höndum þakbrúnir og handrið, gluggafalda og dyraumbúnað, og ýmislegt annað tilhöggvið húsaskraut, en meginverk hans á þessu sviði voru viðhafnarstigir í Kristjánsborgarhöll, gerðir með frönsku sniði „a trois rampes“ og slík völundarsmið að það tók hann fimm ár að ljúka þeim að fullu og öllu. Meistararéttindi hlaut hann árið 1741 og sama ár var hann ráðinn hirðsteinsmiður. Auk steinsmiðinnar gerðist hann athafnasamur á ýmsum sviðum, eignaðist marmaranámu í Noregi, stundaði kalkbrennslu og tígulsteinagerð í Kastrup og varð fyrstur til að framleiða postulín í Danmörku. Hann hóf að teikna hús um miðja öldina, framan af undir verndarvæng læriföður síns, Laurids de Thurah hirðhúsameistara, en síðar sjálfstætt. Hann varð



konunglegur húsameistari 1756 og hirðarkitekt 1760, að Thurah látnum. Fortling andaðist á heimili sínu Kastrupgarði hinn 16. júlí 1761.

Af þeim mannvirkjum sem Fortling teiknaði er þessi þekktust: Kastrupgarður á Amager (1749), tvílyft hús í níu þverköflum, prýtt veggstöplum í rókókóstíl. Þetta var ásínum tíma íbúðarhús Fortlingsen í því ernúrekin menningarmiðstöð. Kastrupstöðin (um 1749-1753), látlausar verksmiðjubyggingar, byggðar í áföngum, sambyggðar um tvo lokaða húsagarða sem tengdir eru með yfirbyggðum gangvegi. Framundan húsunum er bryggja þar sem norskum marmara var á sinni tíð skipað upp en kalki og tígulsteinum út. Stækkun á höll Holsteins við Stormgötu í Kaupmannahöfn (1756), ofan á endilangri framhlið hússins er fallett þverhlað sem skreytt er myndastyttum, steinkerjum og stóru skjaldarmerki í miðju. Embættisbústaður höfuðsmanns við Rósenborgarhöll (1760), hús með háu gafsneiddu þaki, sem minnir um margt á Bessastaðastofu, þar er nú forstjórabústaður. Þá teiknaði Fortling grafhýsi Moltkes yfirdróttseta við Karisakirkju á Stevns (1761), en það var ekki reist fyrr en að honum látnum og þá í töluvert breyttri mynd.

Síðustu verk Fortlings voru Bessastaðastofa og Nesstofa sem hann mun hafa lokið við að teikna vorið 1761, fáum mánuðum áður en hann lést. Bessastaðastofu svipar til Viðeyjarstofu að formi og stærð en grunnflötur beggja er í hlutfallinu 1:2. Húsaskipan hennar, sem réðst að verulegu leyti af Konungsgarðinum gamla, var samt langt frá því að vera jafn hrein og einföld og fyrirmyndarinnar, þar sem Eigtved húsameistari kom fyrir embættisbústöðum landfógeta og stiftamtmanns af afburðasníld. Hin reglubundna gluggaskipan, sem auðkenndi Viðeyjarstofu, er ekki til staðar í Bessastaðastofu þar sem hlutfallið milli glugga og múrkamps er breytilegt. Þetta þarf þó ekki að vera til marks um kunnáttuleysi, heldur vitnisburður um að Fortling lagði meira upp úr samhengi innri gerðar og ytra útlits en háttbundinni hrynjandi.

Óhætt er að fullyrða að Nesstofa er þroskaðasta verk Fortlings. Húsið mun hann hafa teiknað með hliðsjón af Apótekarahúsinu í Breiðgötu, sannkölluðu meistaraverki eftir Thurah er stóð fullbúið 1758. Nesstofa er þó verulega minni í sniðum en fyrirmyndin og skrautlaus með öllu, undir dæmigerðu íslensku timburþaki. Með útbyggingunni, þar sem er kjallari með tveimur múruðum hvelfingum, þeim elstu er finnast á Íslandi, er Nesstofa án efa sérstæðasta steinhúsið frá



18. öld, heilsteypt verk að formi og ytra útliti. Grunnmynd hússins er því sem næst í hlutfallinu 3:4 en sé útbyggingunni aukið við er flöturinn allur í hreinu gullinsniði. Það er samt ekki hlutfallafræðin ein sem gefur húsinu byggingarlistarlegt gildi, heldur öllu fremur samhengi notagildis og forms, en herbergjaskipan þess er fádæma skýr, íbúð og vinnuaðstaða hvor sínum megin í húsinu, geymslur til lyfjagerðar í útbyggingu og fjögur íveruherbergi uppi á lofti, tvö og tvö saman í hvorum enda, ýmist hólfuð af með bindingsverki eða standpili, rétt eins og í Bessastaðastofu. Þá er og athyglisvert að sjá hvernig húshliðum er léð jafnvægi með hliðrun útidyra frá hefðbundinni miðjusetningu í átt að útbyggingu, án þess að samhverfan sé lögð fyrir róða.

Þegar Nesstofa er skoðuð í dag er vert að hafa í huga fáein atriði sem ekki liggja í augum uppi. Húsið var í öndverðu ívið reisulegra á að líta. Þá var gengið inn af gangstéttinni framan við húsið um útitröppur með tveimur þrepum, u.þ.b. 30 cm á hæð. Núna stendur húsið stakt en áður innan um þyrpingu úti-húsa, byggðum af timbri og torfi. Upphaflega voru steinhúsin gömlu með bikuðum timburþökum sem reyndust illa við íslenskar aðstæður og tóku snemma að leka. Þau hafa nú öll nema Nesstofa annars konar þakklæðningu, ýmist úr brenndum leir, flögusteini eða kopar. Því gefur Nesstofa, eins og Þjóðminjasafn Íslands hefur gengið frá henni, sannferðugustu mynd af því hvernig steinhúsin litu út á átjándu öld.



Bakkaföt 1



Hringbraut 35 - 49



Lágafellskirkja



Torfastaðakirkja



Berufjarðarkirkja

## Friðun húsa

Á árinu fól Húsafriðunarnefnd forstöðumanni að undirbúa tillögu að friðun eftirtalinna húsa til menntamálaráðherra:

Laugavegur 4, Reykjavík  
Laugavegur 6, Reykjavík  
Hafnargata 11, Seyðisfirði  
Garðastræti 15, Unuhús, Reykjavík

Brekkuskógar 8, Álftanesi  
Brekkuskógar 10, Álftanesi  
Mávanes 4, Garðabæ  
Mávanes 7, Garðabæ  
Bakkaföt 1, Garðabæ  
Sunnubraut 37, Kópavogi  
Skáli FÍ Hvítárnesi  
Thorvaldsensstræti 2  
Hringbraut 35 - 49, Reykjavík  
Laugarneskirkja, Reykjavík  
Laugarnesskóli, Reykjavík

Fallið frá friðun sbr. hér að ofan.  
Fallið frá friðun sbr. hér að ofan.  
Ytra byrði og verslunarinnréttingar.  
Ytra byrði, þó ekki glerskáli við austurhlið.  
Ytra byrði.  
Ytra byrði.  
Ytra byrði.  
Ytra byrði.  
Ytra byrði.  
Ytra byrði.  
Ytra byrði.  
Ytra byrði.  
Ytra byrði.  
Ytra byrði.  
Ytra byrði.

Í apríl árið 2000 var tillaga að affriðun eftirtalinna 15 kirkna send menntamálaráðherra:

Hallgrímskirkja í Vindáshlið	1878
Lágafellskirkja	1888
Staðarhraunskirkja	1888
Gilsbakkakirkja	1908
Súðavíkurkirkja	1899
Holtskirkja	1869
Kvíabekkjarkirkja	1892
Garðskirkja	1890
Hofskirkja	1896
Djúpavogskirkja (gamla)	1894
Brunnhólskirkja	1899
Torfastaðakirkja	1892
Ólafsvallakirkja	1897
Nauteyrarkirkja	1885
Kálfafellskirkja	1897

Að ósk forstöðumanns var málið tekið upp að nýju á fundi nefndarinnar 12. desember þar sem eftirfarandi bókun var samþykkt:

*Fallið er frá samþykkt Húsafriðunarnefndar á fundi nefndarinnar þann 4. apríl 2000, um affriðun ofantaldra kirkna. Forstöðumanni falið að rita menntamálaráðuneyti og eigendum og umráðendum umræddra kirkna bréf, þar sem greint er frá þessari samþykkt nefndarinnar.*

Eftir skoðun á Berufjarðarkirkju þann 2. júlí 2008 er það niðurstaða Húsafriðunarnefndar að kirkjan skuli teljast friðuð á grundvelli 1. mgr. 6. gr. laga um húsafriðun nr. 104/2001, þar sem í ljós kom að mikill meirihluti bæði innra og ytra byrðis kirkjunnar er mjög upprunalegt, frá 1874, þrátt fyrir endurbyggingu

árið 1940. Berufjarðarkirkja var samkvæmt því færð á skrá Húsafríðunarnefndar yfir friðaðar kirkjur.

## Lokið var við undirbúning tillögu að friðun eftirfarandi húsa og til-laga þess efnis send menntamálaráðherra til ákvörðunar árið 2008:

Garðastræti 15, Unuhús, Reykjavík  
 Hafnarstræti 11, gamla Ríkið, Seyðisfirði  
 Laugavegur 10, Reykjavík  
 Laugavegur 11, Reykjavík  
 Laugavegur 12, Reykjavík  
 Laugavegur 20B, Reykjavík  
 Laugavegur 21, Reykjavík  
 Laugavegur 29, Reykjavík  
 Laugavegur 30, Reykjavík  
 Laugavegur 41, Reykjavík  
 Laugavegur 44, Reykjavík  
 Laugavegur 64, Reykjavík  
 Bergstaðastræti 1, Reykjavík  
 Grandagarður 15-35, 43-81, og 85-99, Verbúðir, Reykjavík

## Að fenginni tillögu Húsafríðunarnefndar friðaði menntamálaráðherra eftirtalin hús á árinu 2008:

Lindargata 51, Franski spítalinn, Reykjavík  
 Garðastræti 15, Unuhús, Reykjavík  
 Dyngjuvegur 8, Gunnarshús, Reykjavík  
 Sólheimar 5, Reykjavík  
 Hamrahlíð 10, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Reykjavík  
 Háteigsvegur, Sjómannaskólinn, Fjöltækniskóli Íslands, Reykjavík  
 Tómasarhagi 31, Reykjavík  
 Skriðuklaustur, Gunnarshús, Fljótsdal

## Útgáfa

### Kirkjur Íslands

Þann 1. nóvember 2008 var undirritaður samstarfssamningur við Hið íslenska bókmenntafélag um útgáfu ritraðarinnar Kirkjur Íslands. Undir samninginn rituðu Karl Sigurbjörnsson biskup, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og Nikulás Úlfar Mátsson forstöðumaður Húsafríðunarnefndar, fyrir hönd útgefenda, og Sverrir Kristinsson fyrir hönd HÍB. Samkvæmt samningnum teljast Húsafríðunarnefnd, Þjóðminjasafn og Biskupsstofa aðalútgefendur ritraðarinnar og höfundarréttahafar ásamt höfundum og Hið íslenska bókmenntafélag meðútgefandi um prentun, kynningu og dreifingu ritraðarinnar.

Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Á árinu komu út tvö ný bindi, nr. 11 og 12, í ritröðinni. Í þeim er fjallað um eftirtaldar friðaðar kirkjur, ásamt gripum og minningarmörkum í Kjalarnessprófastsdæmi: Hvalsneskirkja, Kálfatjarnarkirkja, Keflavíkurkirkja, Kirkjuvogskirkja, Krýsuvíkurkirkja, Landakirkja, Njarðvíkurkirkja Útskálakirkja, Bessastaðakirkja, Brautarholtskirkja, Fríkirkjan í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarkirkja, Lágafellskirkja, Reynivallakirkja, Saurbæjarkirkja og Hallgrímskirkja í Vindáshlíð.




Laugavegur 11




Lindargata 51



Sólheimar 5



*Kirkjur Íslands, 1 I. og 12. bindi*



Höfundar eru: Guðmundur L. Hafsteinsson, Gunnar Bollason, Gunnar Kristjánsson, Jón P. Þór, Júlíana Gottskálksdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Þór Magnússon. Ljósmyndir eru eftir Ívar Brynjólfsson ljósmyndara Þjóðminjasafnsins og Guðmund Ingólfsson hjá Ímynd.

Húsafridunarnefnd lét gera sýningu úr efni bindanna, sem sett var upp í Þjóðminjasafni Íslands þann 1. nóvember, ásamt sýningarborðum sem gerðir höfðu verið úr efni fyrri binda. Herra Karl Sigurbjörnsson biskup opnaði sýninguna að viðstöddu fjölmenni og Þorsteinn Gunnarsson flutti erindi um ritverkið og kirkjur Kjalarnessprófastsdæmis.

Áður hafa komið út eftirtalin rit í ritröðinni Kirkjur Íslands:

**Rit 1 (2003):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hrepphólakirkja, Hrunakirkja og Tungufellskirkja.

**Rit 2 (2003):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja, Stóra-Núpskirkja og Villingaholtarkirkja.

**Rit 3 (2003):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Bræðratungukirkja, Búrfellskirkja, Miðdalskirkja, Mosfellskirkja og Torfastaðakirkja.

**Rit 4 (2003):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Eyrarbakakirkja, Gaulverjabæjarkirkja, Kotstrandarkirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandarkirkja, Úlfljótsvatnskirkja og Pingvallakirkja.

**Rit 5 (2005):** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Goðdalakirkja, Hvammskirkja, Ketukirkja, Reykjakirkja, Reynistaðarkirkja, Sauðárkróskirkja, Silfrastaðakirkja, Sjávarborgarkirkja og Víðimýrarkirkja.

**Rit 6 (2005):** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Barðskirkja, Fellskirkja, Grafarkirkja, Hofskirkja, Hofstaðakirkja, Hóladómkirkja, Knappsstaðakirkja og Viðvíkurkirkja.

**Rit 7 (2006):** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Árneskirkja, Kaldrananeskirkja, Kollafjarðarneskirkja, Staðarkirkja í Steingrímsfirði, Breiðabólstaðarkirkja, Kirkjuhvammaskirkja, Staðarbakakirkja, Staðarkirkja í Hnútafirði, Vesturhópshólakirkja og Víðidalstungukirkja.

**Rit 8 (2006):** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Auðkúlukirkja, Bergsstaðakirkja, Blönduóskirkja, Bólstaðarhlíðarkirkja, Hofskirkja, Holtastaðakirkja, Svínvatnskirkja, Undirfellskirkja og Pingeyrakirkja.

**Rit 9 (2007):** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Bakkakirkja, Bægisárkirkja, Glæsi-bæjarkirkja, Kvíabekkjarkirkja, Miðgarðakirkja, Möðruvallakirkja í Hörgárdal, Ólafsfjarðarkirkja, Tjarnarkirkja, Urðakirkja og Vallakirkja.

**Rit 10 (2007):** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Akureyrarkirkja, Grundarkirkja, Hólakirkja, Lögmannshlíðarkirkja, Minjasafnskirkja, Munkaþverárkirkja, Möðruvallakirkja í Eyjafirði og Saurbæjarkirkja.

### Leiðbeiningarrit

Öll leiðbeiningarrit Húsafridunarnefndar voru færð á tölvutækt form á árinu og sett á heimasíðu nefndarinnar. Er stefnt að því að þau verði að öllu jöfnu ekki endurprentuð né ný prentuð, heldur verði þau aðgengileg á heimasíðunni. Leiðbeiningaritin eru: Trégluggar, Gömul timburhús útveggir, grind og klæðning, Steinuð hús og Uppmæling húsa.

# Innra starf

## Heimasíða

Ný heimasíða Húsafriðunarnefndar var opnuð í október 2008, [www.husafriidun.is](http://www.husafriidun.is). Samningur var gerður við Hugsmiðjuna um gerð heimasíðu og við Loftmyndir um afnot af loftmyndum. Leiðarljós við gerð heimasíðunnar var það að allar skrár og rit sem gefin hafa verið út af Húsafriðunarnefnd yrðu aðgengileg almenningi auk annarra upplýsinga sem að notum geta komið við varðveislu byggingararfsins. Þannig yrði það markmið nálgast að skilningur verði almennur á nauðsyn og tilgangi þess að fleyta þeim hluta byggingararfsins sem hefur varðveislugildi til næstu kynslóða.

## Skrá yfir friðuð hús

Tekin var saman skrá yfir friðuð hús á Íslandi og er hún aðgengileg á heimasíðunni. Að auki er gefinn möguleiki á að skoða öll friðuð hús á loftmyndum. Undanfarin ár hefur Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt unnið að því að taka saman ítarlegar lýsingar á öllum friðuðum húsum. Stefnt er að því að þessar upplýsingar, ásamt ljósmynd, verði aðgengilegar á heimasíðu nefndarinnar fyrir árslok 2009.



## Skrá yfir hús sem hlotið hafa styrk úr Húsafriðunarsjóði

Unnið hefur verið að tæmandi skrá yfir öll hús sem hlotið hafa styrk úr Húsafriðunarsjóði. Þegar hafa verið settir listar yfir hús sem hlutu styrki úr sjóðnum undanfarin þrjú ár, á heimasíðu nefndarinnar. Lokið er við að færa á tölvutækt form allar úthlutanir úr sjóðnum frá því að hann tók til starfa árið 1975. Unnið er að því að gera þessar upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu nefndarinnar.

## Umsóknareyðublað fyrir Húsafriðunarsjóð

Gert var nýtt umsóknareyðublað fyrir Húsafriðunarsjóð og gátu umsækjendur sótt um styrk á heimasíðu nefndarinnar. Var það töluvert einfaldara en verið hafði árin á undan og var lýst yfir mikilli ánægju með þær breytingar.

## Leiðbeiningarrit um varðveislu, endurbætur og viðhald á gamalla timb- urhúsa

Öll leiðbeiningarrit Húsafriðunarnefndar voru færð á tölvutækt form á árinu og sett á heimasíðu nefndarinnar. Er stefnt að því að þau verði að öllu jöfnu ekki endurprentuð eða ný prentuð, heldur verði þau aðgengileg á heimasíðunni.

## Leiðbeiningar um gerð húsakannana

Hætt var við útgáfu endurskoðaðra leiðbeininga um gerð húsakannana á árinu eins og ráðgert hafði verið og afráðið að leitast við að einfalda leiðbeiningarnar. Þannig yrði þeim aðilum sem taka að sér að vinna húsakannanir gert auðveldara að vinna eftir þeim og allir ynnu samkvæmt sama skráningarkerfi. Forstöðumaður kallaði Hönnu Rósu Sveinsdóttur hjá Minjasafni Akureyrar, Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur borgarminjavörð og Guðmund Lúther Hafsteinsson, sem unnið hafði leiðbeiningarnar, á sinn fund þann 9. desember 2008 til skafs og ráðagerða. Ráðgert var að Guðmundur endurritaði leiðbeiningarnar og tæki mið af nýlegum niðurstöðum vinnuhóps um endurskoðun skipulags og húsverndar í miðborg Reykjavíkur, aðallega hvað varðar aðferðir við mat á varðveislugildi húsa og litanotkun á húsverndarkortum. Þá tók Hanna Rósa að sér að skoða hvað mætti betur fara og samræma skráningarblöð Minjasafns Akureyrar, Minjasafns Reykjavíkur og Húsafriðunarnefndar. Áætlað er að þessari vinnu ljúki fyrir 1. mars 2009.

## Úthlutunarreglur fyrir Húsafríðunarsjóð

Forstöðumaður lagði tillögu að nýjum úthlutunarreglum fyrir fund Húsafríðunarnefndar í október, til samþykktar. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, staðfesti þær þann 28. janúar 2009. Úthlutunarreglurnar hafa verið settar á heimasíðu nefndarinnar.

## Skjalavarsla

Tekið var upp nýtt kerfi í vörslu skjala Húsafríðunarnefndar, bæði er varðar stafræna vörslu á tölvutæku formi og skjallega vörslu, í skápum. Stofnað var gagnasafn Húsafríðunarnefndar, þar sem m.a. öll erindi, gömul og ný, fá sérstakt númer. Stefnt er að frekari þróun á skjalavörslu nefndarinnar. Sigurður Jónsson frá Tölvu- og verkfræðiþjónustunni vann með Guðlaugu Vilbogadóttur starfsmanni Húsafríðunarnefndar að breytingum og þróun á skjala- og skráningarkerfi nefndarinnar.



## Merki fyrir Húsafríðunarnefnd

Á fundi sínum þann 15. maí 2008 samþykkti Húsafríðunarnefnd nýtt merki fyrir Húsafríðunarnefnd. Guðmundur Oddur Magnússon vann að hönnun og teiknun merkisins, að nokkru samkvæmt forskrift forstöðumanns og nefndarinnar.

# Ráðgjöf, fræðsla og miðlun

**Reykjavíkur Akademían** – mars 2008, málþing um skipulag í eldri hverfum. Forstöðumaður sat í pallborði.

**Keflavíkurkirkja** – apríl 2008. Þá þú gengur í guðshús inn – málþing um varðveislu og breytingar á kirkjum. Formaður Húsafríðunarnefndar hélt þar erindi.

**Vídalínskirkja, Garðabæ** – maí 2008, leiðarþing Kjalarnessprófastsdæmis. Formaður hélt þar erindi um menningarsögulegar úttektir á friðuðum kirkjum.

**Skipulagsráð Reykjavíkur** – október 2008, forstöðumaður hélt fyrirlestur um stefnumörkun í húsvernd og skipulagi.

**Hafnarfjörður, Austurgata** – forstöðumaður veitti ráðgjöf um gerð húsakönnunar.

**Námskeið** – Húsafríðunarnefnd stóð, ásamt Iðunni fræðslusetri, fyrir tveimur námskeiðum um viðgerðir og endurbætur á gömlum húsum á árinu, í Reykjavík og á Akureyri. Að jafnaði sækja þessi námskeið milli 10 og 15 smiðir, en námskeiðið í Reykjavík sóttu 24 húsasmiðir.

**Georges Zouain** - sérfræðingur í skipulagi og varðveislumati eldri byggðar kom til landsins 27.-28 mars í boði Húsafríðunarnefndar og Fornleifaverndar ríkisins. Hann veitti viðtöl við blöð, útvarp og sjónvarp og hélt fyrirlestur á Þjóðminjasafni, þar sem forstöðumaður var fundarstjóri.

Forstöðumaður sat í tveimur vinnuhópum á árinu. Í vinnuhópi um endurskoðun á stefnumörkun í borgar- og húsverndarmálum í miðborg Reykjavíkur sátu með forstöðumanni Hjörleifur Stefánsson arkitekt, sem leiddi hópinn, Pétur H. Ármannsson arkitekt, Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður, Snorri Freyr Hilmarsson formaður Torfusamtakanna og Gunnar Harðarson heimspekingur.

Voru drög að niðurstöðum vinnunar lögð fyrir skipulagsráð Reykjavíkur og býður nú frekari afgreiðslu. Skal þar helst nefna að vinna við mat á varðveislugildi byggðarinnar er einfölduð og gert er ráð fyrir að stefnumörkun um verndun eldri svæða Reykjavíkur verði hluti af samþykktu aðalskipulagi Reykjavíkur, sem nú er í endurskoðun. Í vinnuhópi um eldvarnir í eldri húsum sátu með forstöðumanni Björn Karlsson brunamálastjóri, Magnús Sædal byggingarfulltrúi Reykjavíkur, Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður og Bjarni Kjartansson hjá forvarnarsviði slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Markmið vinnuhópsins er að gera tillögur um eldvarnir í eldri húsum þannig að koma megi í veg fyrir að eldur dreifist milli húsa, eins og gerðist bæði þegar eldur kom upp í Laugavegi 40 árið 2004 og í Austurstræti 22 í apríl árið 2007.



Forstöðumaður er fulltrúi Íslands í stýrihópi um verndun minja í Eystrasalti. Þrátt fyrir að liggja ekki að Eystrasalti eru Noregur og Ísland hluti af þessu samstarfsverkefni þar sem það fellur undir Norrænu ráðherranefndina. Voru haldnir þrjár fundir á árinu, þar af einn á Íslandi. Fundarstaður var Laugarvatn og var m.a. farið í kynningar- og skoðunarferðir um Suðurland. Gerðu fundarmenn sérstaklega góðan róm að veru sinni á Íslandi.

*Mjöll Snæsdóttir segir stýrihópi um minjar í Eystrasalti frá fornminjum í Skálholti*

Í útvarpsþætti Lísu Pálsdóttur gerði forstöðumaður grein fyrir byggingarsögu Tryggvagötu í Reykjavík.

Á fundi með Umhverfisnefnd Alþingis gerði forstöðumaður athugasemdir við að ákvæði um gerð húsakannana hafði verið fellt út úr frumvarpi um ný skipulagslög. Átti forstöðumaður fundi með Stefáni Thors skipulagsstjóra ríkisins og öðrum starfsmönnum Skipulagsstofnunar um það með hvaða hætti tryggt yrði að ákvæði um gerð húsakannana yrði aftur fellt inn í frumvarpið. Var komist að eftirfarandi niðurstöðu um sameiginlega tillögu stofnananna að orðalagi:

*Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal gerð húsakönnun sem lögð skal til grundvallar á mati á varðveislugildi einstakra bygginga og svipmóti byggðar, sem haft skal til hliðsjónar við gerð tillögunnar.*

Í september var Húsafriðunarnefnd boðuð í menntamálaráðuneytið til kynningar á frumvarpi að nýjum minjalögum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir miklum breytingum á tilhögun minjavörslunnar. Er þar helst að nefna að gert er ráð fyrir að Húsafriðunarnefnd, Fornleifavernd ríkisins og Safnaráð verði sameinuð í eina stofnun, Minjastofnun Íslands. Var Péttri H. Ármannssyni, varaformanni nefndarinnar, falið að taka saman athugasemdir nefndarinnar við frumvarpið og senda til menntamálaráðuneytisins.



Kirsuberjatréð við Vesturgötu



Stór hluti af starfi forstöðumanns eru ferðir um landið þar sem fundað er með heimamönnum, ýmist eigendum, framkvæmdaaðilum hönnuðum eða safnaðar- og sveitarstjórnnum. Umræðuefnið er varðveisla í víðu samhengi, möguleikar, aðferðir og frágangur, auk þess sem mikil áhersla hefur verið lögð á það í umræðum við sveitarstjórnarmenn að gerð sé húsakönnun fyrir viðkomandi sveitarfélag. Hér verður ekki grein fyrir öllum ferðum forstöðumanns, en helstu ferðir voru um Austfirði, Vestfirði og Eyjafjörð.

**Viðurkenningar**

Við hátíðlega athöfn þann 19. júní 2008 veitti Húsafridunarnefnd eigendum verslananna Kirsuberjatréð við Vesturgötu og Verslun Guðsteins Eyjólfssonar við Laugaveg viðurkenningu fyrir vel varðveittar verslunarinnréttingar. Við sama tækifæri var Gísla Halldórssyni arkitekt afhent friðunarskjal menntamálaráðherra vegna friðunar hússins að Tómasarhaga 31, sem Gísli teiknaði árið 1954 og bjó í til ársins 2007. Var þetta í fyrsta skipti sem Húsafridunarnefnd gerir tillögu um friðun húss hvers hönnuður er enn á lífi.

**Áskoran**

Í nóvember lét Húsafridunarnefnd birta áskoran til arkitekta og sveitarfélaga, í all flestum landsmála- og héraðsfréttablöðum landsins. Var þar, með hliðsjón af ástandi efnahagsmála, skorað á sveitarfélög og arkitekta að beina sjónum sínum að rannsóknum á byggingararfinum og gerð húsakannana. Var þess getið að Húsafridunarnefnd myndi láta styrki til húsakannana njóta forgangs við úthlutun styrkja fyrir árið 2009. Viðbrögð við þessari áskoran voru framar vonum og sóttu mörg sveitarfélög og einstaklingar um styrk í Húsafridunarsjóð til að gera húsakannanir og rannsóknir, bæði á einstökum hlutum byggingararfsins og á vinnu arkitekta, með útgáfu í huga.

Verslun Guðsteins Eyjólfssonar





# Kynnisferð Húsafriðunarnefndar um Austfirði 2008

Dagana 1. – 3. júlí fór Húsafriðunarnefnd í ferð um Austfirði. Þau sem tóku þátt í ferðinni voru Þorsteinn Gunnarsson formaður, Pétur H. Ármannsson, Guðmundur Þór Guðmundsson, Lýður Pálsson, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og Nikulás Úlfar Mátsson forstöðumaður. Flogið var til Hafnar í Hornafirði, þar sem Björg Erlingsdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og Hermann Hansson tóku á móti nefndinni og sýndu Miklagarð við höfnina, þar sem m.a. var skoðuð ein upprunaleg verbúð, og gamla Kaupfélagshúsið sem Sveinn Sighvatsson er að gera upp. Þar kynntu þau verkefnið Hafnarvík – Heppa sem snýst um að gera safnasvæði, m.a. með uppgerðum húsum, við höfnina. Frá Höfn var haldið sem leið liggur að Lóni þar sem Stafafellskirkja og Fundarhús Lónmanna voru skoðuð í fylgd Arnar Arnarssonar. Í Álftafirði sýndi Hlíf Herbjörnsdóttir nefndinni Hofskirkju en síðan lá leiðin inn í Berufjörð. Í Berunesi sýndu Anna Antoníusdóttir og Ólafur Eggertsson kirkju staðarins og gamla bæinn, þar sem þau reka farfuglaheimili. Því næst var haldið til baka að bænum Berufirði þar sem Björn Björgvinsson smiður og Bragi Gunnlaugsson bóndi hafa gert góðar endurbætur á gamla bænum. Einnig var kirkja staðarins skoðuð og þar afráðið að hún skyldi vera friðuð þrátt fyrir endurbyggingu um miðja 20. öld. Guðríður Gunnlaugsdóttir frá Berufirði og Sigurrós Jónsdóttir buðu góðar veitingar. Að Teigarhorni tók Herbert Hjörleifsson á móti nefndinni og sýndi gamla íbúðarhúsið sem er í húsasafni Þjóðminjasafnsins. Um kvöldið var snæddur kvöldverður á Hótel Framtíð í boði sveitarstjórnar Djúpavogshrepps. Fulltrúar sveitastjórnarinnar voru þeir Björn Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri, Andrés Skúlason oddviti og Albert Jensson formaður menningarmálanefndar. Að morgni 2. júlí var fundað með sveitarstjórninni, þar sem Andrés oddviti kynnti gömlu byggðina á Djúpavogi og áður en af stað var haldið var Faktors- húsið og gamla Djúpavogskirkja skoðuð með sveitastjórninni. Í Breiðdalsvík var gamla kaupfélagshúsið skoðað í fylgd Páls Baldurssonar sveitarstjóra, Björns Björgvinssonar smiðs og Guðjóns Sveinssonar, sem buðu upp á léttan hádegisverð að skoðun lokinni. Á leiðinni á Fáskrúðsfjörð var franski spítalinn tekinn út og framtíð hans rædd. Á Fáskrúðsfirði var fyrst litið á húsið að Hafnargötu 15, Kaupvang, síðan var gamla kaupfélagshúsið Tangi skoðað í fylgd Gísla Jónatanssonar kaupfélagstjóra og Fáskrúðsfjarðarkirkja athuguð með Daníel og Baldri Rafnssyni, sem komu síðan með nefndinni að Kolfreyjustað þar sem séra Pórey Guðmundsdóttir sýndi kirkjuna og nýtt safnaðarheimili, teiknað af Hjörleifi Stefánssyni arkitekt. Á leið í Eskifjörð var steinhúsið að Sómastöðum skoðað og á Eskifirði tók Geir Hólm á móti nefndinni og sýndi Jensenshús sem hann hefur gert upp á fallegan máta eftir ráðgjöf Þorsteins Gunnarssonar, Gömlu Búð, þar sem einnig var skoðuð sýning á sjóminjum, Randolfssjóhús og loks var gamla Eskifjarðarkirkja skoðuð að utan og innan. Var lýst yfir miklum áhyggjum með ástand þessa friðaða mannvirkis. Að lokinni vettvangsskoðun á Eskifirði var haldið að Hótel Kapitanó á Neskaupsstað þar sem haldinn var fundur í Húsafriðunarnefnd, snæddur kvöldverður og gíst. Á Neskaupsstað var fundað með sóknarnefnd Norðfjarðarkirkju og kirkjan skoðuð með séra Sigurði Rúnari Ragnarssyni, sem vakti athygli á slæmri hljóð-



Húsafriðunarnefnd með Helgu Jónsdóttur og húsfreyjunni á Útsteck í Reyðarfirði.



Berunes í Berufirði



Langabúð og faktors húsið á Djúpavogi



Kaupfélagshúsið á Höfn



Fundarhús Lónmanna



Hafnargata 11, Ríkið, Seyðisfirði



Mikligarður Höfn í Hornafirði


Berufjörður

um glugga suðurhlíðar hennar. Var sammælt um það að nefndin skoðaði þessi atriði og fyndi lausn á þeim. Að þessu loknu kom Helga Jónsdóttir bæjarstýra Fjarðarbyggðar og Árni Steinar Jóhannsson umhverfisstjóri til móts við nefndina og var haldið í skoðunarferð um Neskaupsstað og eftirtalin hús og mannvirki athuguð: Hafnarhúsið (safnahúsið) með Magna Kristjánssyni, Lúðvíkshús við Eyrargötu, þar sem kynnt var ný tillaga að deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir leikskóla á Eyrinni, Þórsmörk við Piljuvelli, þar sem nú er rekin listasmiðja kvenna, snjóflóðavarnargarður ofan Neskaupsstaðar, Listigarðurinn og gamli kirkjugarðurinn. Því næst var haldið að Útstekk við Reyðarfjörð þar sem sérkennilegur geymsluskúr var skoðaður og lagt mat á varðveislugildi hans. Hádegismatur var snæddur í Randolphssjóhúsi í boði bæjarstjórnar, reiddur fram af Sævari og Berglinni frá Mjóeyri. Að loknum snæðingi var haldið að Jensenshúsi þar sem Geir Hólm og Þorsteinn Gunnarsson greindu Helgu Jónsdóttur bæjarstýru frá sögu og endurgerð hússins auk þess sem gamla Eskifjarðarkirkja var athuguð að nýju með bæjarstýru. Á leiðinni inn í Reyðarfjörð var litið á hið nýja móttökuhús Alcoa við álverið og þegar inn í Reyðarfjörð var komið skoðaði nefndin Tærgesenshús, Kaupfélagshúsið, sem Þórir Baldvinsson arkitekt teiknaði og íbúðarhús eftir Sigvalda Thordarson arkitekt, sem bíður niðurrífs. Síðan var haldið inn í Fáskrúðsfjörð um hin nýju göng, sem talin eru vera hið mesta þjóðþrifaverk. Í Fáskrúðsfirði var Kaffi Pumalína skoðuð, sem er vel uppgert hús í útkanti bæjarins, Læknishúsið, þar sem voru bæjarskrifstofur sveitarfélagsins Fáskrúðsfjarðar fram að sameiningu, franskir kirkjugarðurinn skoðaður frá veginum og grunnur franska spítalans. Síðan var drukkið kaffi í Templaranum, sem smám saman er að öðlast sína fyrri reisu. Á leiðinni að bæjarskrifstofum Fjarðarbyggðar á Reyðarfirði, þar sem Helga bæjarstýra og Árni Steinar umhverfisstjóri voru kvædd, var Reyðarfjarðarkirkja, sem Rögnvaldur Ólafsson arkitekt teiknaði, skoðuð. Næst lá leiðin um Fagradal og Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar þar sem Pétur Kristjánsson tók á móti nefndinni við Vélsmiðju Jóhanns Hanssonar. Eftirtalin hús voru skoðuð og tekin út í fylgd Péturs: Angró, þar sem þak hefur verið endurnýjað, Garður, með nýjum gluggum á gafli, Skipasmíðastöðin, söluturninn að Hafnarstræti 34, viðgerð á Hafnargaötu 14 og Breiðabliki, Skaftafell, Litla Gíslahús, Járnhúsið, gamla sóttvarnarhúsið með burðargrind úr járni, Hafnargata 11, Ríkið, þar sem m.a. voru skoðaðar verslunarinnréttingar, endurbætur á Pálshúsi, Höfn, Hótel Snæfell, Elverhöj, Garveríð, Björgvin, Kittíarhús, Vesturvegur 8, Hótel Aldan, Kirkjan, sem talin var þarfnast viðhalds, Bjólfsgata 8, Sýslumannshúsið, þar sem áður var verslun Stefáns, íbúðarhús Stefáns Jónssonar, Gamla Bakaríð, Baldurs-




## Jensenshús Eskifirði

Mælt og teiknað Þorsteinn Gunnarsson arkitekt



Pversneiðing



Austurhlíð




Kolfreyjustaðarkirkja

hagi, Framnes, þar sem nú er prestsbústaður, Kattholt, Hótel Aldan, þar sem áður var Landsbankinn, Gamla Apótekið, Ráðhúsið, þar sem áður var skóli og að síðustu Þórshamarsbryggjuhús. Að þessari yfirgripsmiklu skoðun lokinni var Pétur kvaddur og haldið til Egilsstaða, hvaðan flogið var til Reykjavíkur.

## Styrkir 2008

**Breiðletraðir** styrkir eru ákvarðaðir af Fjárlaganefnd í samráði við Húsafriðunarnefnd. Upphæðir eru í þús. króna.

### Fjöldi umsókna/styrkja



### FRÍÐAÐAR KIRKJUR

FRÍÐAÐAR KIRKJUR	Byggingarár	Upphæð
<b>Bíldudalskirkja</b>	1905	<b>3,000</b>
Breiðabólstaðarkirkja, Fljótshlíð	1911	0
Brjánslækjarkirkja	1908	200
Bænhúsið í Furufirði	1899	300
Fríkirkjan í Reykjavík	1901	700
Gufudalskirkja, Reykhólahreppi	1908	400



Gamli lækniþústaðurinn á  
Fáskrúðsfirði

Hallgrímskirkja, Vindáshlíð	1878	500
Hjaltastaðakirkja	1881	500
Hlíðarendakirkja, Fljótshlíð	1897	500
Hofskirkja á Höfðaströnd	1868	400
<b>Hólskirkja, Bolungarvík</b>	1908	<b>5,000</b>
<b>Kálfatjarnarkirkja</b>	1892	<b>2,000</b>
<b>Keldnakirkja</b>	1875	<b>2,000</b>
<b>Ketukirkja á Skaga</b>	1895	<b>2,000</b>
Klyppstaðarkirkja, Loðmundarfirði	1895	500
Lögmannshlíðarkirkja	1860	500
Minjasafnskirkjan á Akureyri	1846	700
Munkaþverárklausturskirkja	1844	700
Prestbakkakirkja á Síðu	1859	300
Reynistaðarkirkja, Skagafirði	1868	250
Staðarkirkja, Súgandafirði	1855	400
<b>Stóra-Laugardalskirkja, Tálknafirði</b>	1906	<b>4,000</b>
Útskálakirkja, Garði	1861	1,200
Viðvíkurkirkja	1886	1,000
Vopnafjarðarkirkja	1902	300
Pykkvabæjarklausturskirkja	1864	400
		<b>27,750</b>

## FRIDUÐ HÚS

Efstasund 99, Reykjavík	1825	400
<b>Faktorshúsið, Djúpavogi</b>	1884	<b>8,000</b>
Faktorshúsið, Hæstakaupstað	1788	400
Fálkahúsið, Hafnarstræti 1-3, Reykjavík	1868	400
<b>Friðbjarnarhús, Akureyri</b>	1856	<b>5,000</b>
<b>Gamla Faktorshúsið, Neðstakaupstað, Ísaf.</b>	1765	<b>1,000</b>
Gamla prentsmiðjan, Norðurgata 17, Ak.	1882	400
Grettisgata 11, Reykjavík	1907	200
<b>Gudmanns Minde (Gamli spítali), Akureyri</b>	1835	<b>5,000</b>
Hafnarstræti 98, Akureyri	1923	5,500
Heilsuverndarstöðin, Reykjavík	1957	1,000
Hofsstofa, Hof í Hörgárdal	1828	100
Jónassenshús (Grimmakot), Ísafirði	1845	200
<b>Krambúðin í Neðstakaupstað, Ísafirði</b>	1757	<b>1,000</b>
Laugavegur 2, Reykjavík	1886	600
Menntaskólinn í Reykjavík	1843	500
<b>Norræna húsið, Reykjavík</b>	1963	<b>1,000</b>
Norska húsið, Stykkishólmi	1832	500
Pakkhúsið í Ólafsvík	1844	600
Riis-hús, Borðeyri	1862	1,000
<b>Salthúsið, Þingeyri</b>	1778	<b>6,000</b>
Smiðshús í Árbæjarsafni	1823	400
Sæbyhús, Siglufirði	1886	150

Tjarnargata 18, Reykjavík	1905	200
Tjarnargata 22, Reykjavík	1906	500
Villa Nova, Sauðárkróki	1903	300
		<b>40,350</b>

### HÚS Á SAFNASVÆÐUM, SEM EKKI ERU FRÍÐUÐ

Áshús, Glaumbæ	1883	300
<b>Bryggjuhúsin, Wathnestorfunni, Seyðisfirði</b>	1881	<b>4,000</b>
<b>Garðahús, Görðum, Akranesi</b>	1876	<b>1,000</b>
<b>Geirstaðir, Görðum, Akranesi</b>	1903	<b>1,000</b>
<b>Sandar (vestri), Görðum, Akranesi</b>	1901	<b>1,000</b>
Hnausar - skemma, Meðallandi	1914	300
<b>Tjöruhús í Neðstakaupstað</b>	1782	<b>1,000</b>
<b>Turnhús í Neðstakaupstað</b>	1784	<b>1,000</b>
<b>Vjelasmíðja Jóhanns Hanssonar</b>	1907	<b>2,000</b>
		<b>11,600</b>

### RANNSÓKNARVERKEFNI

Verkamannabústaðirmir Reykjavík		200
Smiðshús í Árbæjarsafni		100
Merkingar friðlýstra húsa Ísafirði		300
Hafnarvík - Heppa varðveisla, viðg. og endurbætur		0
		<b>600</b>

### BÆJA- OG HÚSAKANNANIR

Bæja- og húsakönnun Akranesi		800
Bæja- og húsakönnun Ísafirði		550
Bæja- og húsakönnun Flateyri		550
		<b>1,900</b>

### REYKJAVÍK

Ásvallagata 64	1934	0
Bankastræti 10	1902	200
Bergstaðastræti 14	1923	100
Bjargarstígur 17	1882	300
Bjarki, Spítalastígur 3	1914	300
Brekkustígur 5A	1901	200
Drafnarstígur 7	1897	300
Fjólugata 11 og 11A	1937	400
Framnesvegur 22	1922	0
Framnesvegur 26A	1923	0
Freyjugata 3	1921	0
Freyjugata 37	1932	0
Grenimelur 28-30	1945	0
Grettisgata 13 - framhús	1910	150
Grundarstígur 4	1925	100
Hávallagata 34	1936	0



Heilsuverndarstöðin í Reykjavík, aðalstigi



Hólskirkja í Bolungarvík

Hverfisgata 35	1907	500
Kirkjutorg 4	1899	500
Laufásvegur 42	1907	350
Lindargata 50	1903	100
Lindargata 52	1903	300
Lindargata 54	1905	200
Lynghagi 22-24	1954	0
Melstaður, Grandavegur 38	1881	0
Mjóstræti 2	1902	300
Mjóstræti 6	1918	0
Njálsgata 15	1908	0
Nýlendugata 18	1901	200
Nýlendugata 5A	1898	250
Óðingsgata 24A	1923	0
Pálshús, Einarsnes 58	1905	200
Reynistaður, Skildinganes 15	1874	200
Skólavörðustígur 29 A	1908	300
Suðurgata 8 (nyrðri hluti)	1884	0
Templarasund 3	1904	0
Túngata 44	1925	300
Verkamannabústaðirnir við Hringbraut	1931	2,200
Vesturgata 21	1883	400
Vesturgata 44	1864	300
Pingholtsstræti 12	1883	400
Pingholtsstræti 7	1880	300
Pórsgata 19	1922	700
		<b>10,050</b>

**REYKJANES**

Breiðabólstaðir, Álftanesi	1884	300
Brekkugata 11, Hafnarfirði	1908	350
<b>Duus-hús (Bryggjuhúsið), Keflavík</b>	1877	<b>5,000</b>
<b>Gamla prestssetrið að Útskálum</b>	1889	<b>1,000</b>
Gerðið, Hverfisgata 52 B, Hafnarfirði	1908	350
Hábær, Skúlaskeið 3, Hafnarfirði	1898	50
Kirkjuvegur 5, Hafnarfirði	1922	300
Læknisbústaður í Grindavík	1930	400
<b>Menningarhús frá Jakúttú</b>	2007	<b>2,000</b>
Norðurbraut 25 B, Hafnarfirði	1910	200
<b>Skjaldbreið (hlaða), Kálfatjörn</b>	1800	<b>1,000</b>
<b>Vesturgata 32, Hafnarfirði</b>	1918	<b>2,000</b>
		<b>12,950</b>

**VESTURLAND**


Bókhlöðustígur 17, Stykkishólmi	1907	200
Gamla bakaríið - Bjarnahús, Ólafsvík	1895	0
<b>Gamla verslunarhúsið í Skarðsstöð</b>	1900	<b>1,000</b>

Grímshús, Brákey	1940	0
Halldórsfjós, Hvanneyri	1928	300
Kaupangur, Brákarbraut 11, Borgarnesi	1876	500
Lambalækur (Galtarholt II), Borgarbyggð	1895	200
Mjólkursamlagshúsið, Borgarnesi	1936	1,500
<b>Ólafsdalur - Skólahús</b>	1896	<b>2,000</b>
Sauðafell Dölum	1897	0
Skólastígur 9, Stykkishólmi	1894	300
<b>Staður, Reykhólasveit</b>	1850	<b>1,000</b>
<b>Svarta pakkhúsið (á Flateyrarodda)</b>	1867	<b>2,000</b>
Sveinatunga, Borgarfirði	1895	300
Sveinshús (Póshúsið), Stykkishólmi	1885	300
Torfahús, Reitarvegur 4, Stykkishólmi	1904	0
<b>Verslunarhús Englendingavík, Borgarnesi</b>	1884	<b>5,000</b>
		<b>14,600</b>



Vélsmiðja Jóhanns Hanssonar á Þingeyri

### Hlutfallsleg skipting eftir flokkum, ár 1994 – 2008



### VESTFIRÐIR

<b>Húsmæðraskólinn, Austurvegur 11, Ísafirði</b>	1945	<b>1,000</b>
Ármúli I, Langadalströnd	1875	150
Botn - íbúðarhús, Geirþjófsfirði	1886	300
Brekkugata 8, Þingeyri	1910	400
<b>Brjánslækur - gamla prestsseturshúsið</b>	1912	<b>2,000</b>
<b>Búðin Króksfjarðarnesi</b>	1905	<b>2,000</b>
Dunhagi (Stúkuhús), Tálknafirði	1931	300
<b>Einarshús, Hafnargata 41, Bolungarvík</b>	1902	<b>3,000</b>
<b>Eyrardalur, gamla bæjarhúsið</b>	1890	<b>3,000</b>
Eyrargata 7, Suðureyri	1909	0
Fjarðargata 8, Þingeyri	1906	200
<b>Gamla kjötfrystihúsið, Norðurfirði</b>	1960	<b>1,000</b>



Lindargata 54, Reykjavík

Grund, Aðalgata 58, Súðavík	1929	50
Hafnargata 74, Bolungarvík	1900	0
Hrafnabjörg, Lokinhamradal	1900	200
Jónshús, Smiðjustíg 1, Bolungarvík	1894	200
<b>Miðstræti 3, Bolungarvík</b>	1900	<b>1,000</b>
<b>Mjallargata 5, Ísafirði</b>	1856	<b>1,000</b>
Norska bakaríð, Silfurgata 5, Ísafirði	1884	4,000
Pakkhúsið Patreksfirði	1896	2,000
Ráðagerði, Patreksfirði	1945	300
Sigmundarhús (Simbahöllin), Þingeyri	1915	500
Silfurgata 6, Ísafirði	1905	500
Silfurgata 7, Ísafirði	1906	500
<b>Síldarverksmiðjan Djúpvík</b>	1935	<b>2,000</b>
<b>Skarðsrétt í Kaldrananeshreppi</b>		<b>2,000</b>
<b>Skjaldborgarbíó, Aðalstræti 27, Patreksf.</b>	1934	<b>2,000</b>
<b>Smiðjan Bíldudal</b>	1894	<b>1,000</b>
Smiðjugata 8 A, Ísafirði	1878	200
Steinhúsið, Hólmavík	1911	200
Sveinseyri - gamli bærinn	1880	400
Sæbólskirkja, Ingjaldssandi	1924	300
<b>Timburskemma, Reyðarhleini á Dröngum</b>	1865	<b>1,000</b>
<b>Uppsaliir, Selárdal</b>	1931	<b>2,000</b>
<b>Vatneyrarbúð, Aðalstræti 1, Patreksfirði</b>	1918	<b>1,000</b>
<b>Verslunarhúsið (búðin) í Hæstakaupstað</b>	1873	<b>5,000</b>
Vertshús (Hótel Niagara), Þingeyri	1881	500
<b>Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar</b>	1913	<b>3,000</b>
		<b>44,200</b>


## NORÐURLAND

Aðalstræti 24, Akureyri	1901	300
Auðbrekka 7 (áður Héðinsbraut 1), Húsavík	1903	200
<b>Árnes, Skagaströnd</b>	1899	<b>1,000</b>
Hús Sigurðar Pálmasonar, Hvammstanga	1910	300
Erlendarhús, Lindargata 13, Sauðárkróki	1875	500
Eyrargata 16, Siglufirði	1929	400
<b>Héðinshöfði - gamla íbúðarhúsið, Tjörnési</b>	1880	<b>3,000</b>
<b>Hlíðarhús, Siglufirði</b>	1894	<b>1,000</b>
Hof, Höfðaströnd, Skagafirði	1909	300
<b>Hraunsrétt í Aðaldal</b>	1836	<b>2,000</b>
Hvanneyrarbraut 66, Siglufirði	1907	300
Jóakimshús, Siglufirði	1914	200
Kaffi Krókur, Sauðárkróki	1887	4,000
<b>Kornsó - Sýslumannshúsið</b>	1879	<b>1,000</b>
<b>Kvennaskólinn Blönduósi</b>	1911	<b>10,000</b>
Lækjargata 6, Akureyri	1886	500
Læknishúsið, Skógargata 10 B, Sauðárkróki	1901	500
Saurar - íbúðarhús, Miðfirði	1930	400



Stefánsfjós, Möðruvöllum í Hörgárdal	1902	300
Stóruaugar II, Reykjadal	1897	0
<b>Wathnehús, Akureyri</b>	1895	<b>2,000</b>
Ytrahús, Aðalgata 25, Siglufirði	1861	200
Porsteinshús, Aðalgata 11, Blönduósi	1907	600
		<b>29,000</b>

Ráðstöfunarfé eftir árum



Faktorshúsið Djúpavogi, lagfæringar á grind

AUSTURLAND

<b>Aldamótabærinn Seyðisfjörður</b>		<b>1,000</b>
Ásbryggja/Ásplan Vopnafirði		0
Berufjörður (gamli bærinn)	1925	200
Bjarg, austurendi, Papey	1900	200
Björgvin, Seyðisfirði	1878	100
Elverhöj, Seyðisfirði	1906	400
Fjörður 1 (Jónshús), Seyðisfirði	1906	100
<b>Gamla Kaupfélagshúsið Breiðdalsvík</b>	1906	<b>6,000</b>
Gamla Lögberg, Djúpavogi	1930	0
<b>Hótel Framtíð, Djúpavogi</b>	1905	<b>3,000</b>
Jórvík, Breiðdal	1928	0
<b>Kaupangur, Vopnafjörður</b>	1884	<b>2,000</b>
Kiddýjarhús, Seyðisfirði	1903	350
<b>Listasmiðja Norðfjarðar, Þórsmörk/Pálshús</b>	1912	<b>1,000</b>
Norðurgata 6, Seyðisfirði	1902	300
Rangá I, Hróarstungu	1905	0
Tangi, verslunarhús, Fáskrúðsfirði	1895	1,000
<b>Templarinn, Fáskrúðsfirði</b>	1900	<b>200</b>
<b>Þórshamar (Bryggjuhús) á Seyðisfirði</b>	1882	<b>1,000</b>
		<b>16,850</b>



Pakkhúsið Englendingavík  
í Borgarnesi

## SUÐURLAND

<b>Austur-Meðalholt í Flóa</b>	1895	<b>1,000</b>
Ás III, Ásahreppi	1900	200
Einkofi, Eyrarbakka	1900	300
<b>Félagsheimilið Dagsbrún</b>	1927	<b>2,000</b>
Giljur, gamla fjósið, Mýrdal		200
<b>Pompeí norðursins, Vestmannaeyjum</b>	1973	<b>2,000</b>
Halldórsverslun, Vík	1903	1,000
Hamragarðar, Rangárþingi eystra	1908	500
Hjalli, Austurvegur 11B, Vík	1908	0
Hlíð, Skaftártungu	1905	0
Hlíðarendi, Ölfusi	1914	0
Hnappavellir I, fjós, Örfum	1926	200
Hof (Hjörtþórshús), Eyrarbakka	1887	300
<b>Kaupfélagshúsið Hafnarbraut 2, Höfn</b>	1897	<b>2,000</b>
Keldnakot, Flóa	1922	300
<b>Mikligarður (verbúð), Höfn</b>	1918	<b>1,000</b>
Nausthamar, Vík	1902	100
<b>Norðurkot, skólahúsið, Vatnsleysuströnd</b>	1903	<b>2,000</b>
Sauðhúsvöllur, Rangárþingi eystra	1800	200
<b>Skaftsholtsrétt</b>	1954	<b>2,000</b>
<b>Skemma sem hýsir Skaftfelling</b>	1958	<b>2,000</b>
Steinsbær II, Eyrarbakka	1918	300
<b>Pingborg, gamla skólahúsið (ullarvinnslan)</b>	1927	<b>1,000</b>
Ölvisholt I, Hraungerðishreppi	1924	200
		<b>18,800</b>

## Samantekt styrkja

	Fjöldi umsókna*	Fjöldi styrkja	Fjárlaganefnd	Húsafridunarsjóður	Samtals
Friðaðar kirkjur	25	24	18,000	9,750	27,750
Friðuð hús	26	26	27,000	13,350	40,350
Hús á safnasvæðum	10	10	11,000	600	11,600
Reykjavík	42	28	0	10,050	10,050
Reykjanes	11	11	11,000	1,950	12,950
Vesturland	17	13	11,000	3,600	14,600
Vestfirðir	38	36	35,000	9,200	44,200
Norðurland	23	22	20,000	9,000	29,000
Austurland	19	14	14,000	2,850	16,850
Suðurland	24	19	15,000	3,800	18,800
Rannsóknaverkefni	4	3	0	600	600
Húsakannanir	3	3	0	1,900	1,900
	<b>242</b>	<b>209</b>	<b>162,000</b>	<b>66,650</b>	<b>228,650</b>

\* Þar af eru nýjar umsóknir 63 og 70 umsóknir frá Fjárlaganefnd.

## Heimasíða Húsafriðunarnefndar: husafriðun.is

Ritröð Húsafriðunarnefndar um varðveislu, viðgerðir og endurbætur  
gamalla húsa

Í ritröðinni eru komin út 6 hefti. Unnt er að nálgast eftirtalin rit á vef  
Húsafriðunarnefndar:

1. hefti: **Trégluggar** 4. útg. 2007  
3. hefti: **Gömul timburhús. Útveggir, grind og klæðning** 1998  
5. hefti: **Uppmæling húsa. Uppmælingatækni, fyrirlestrar og dæmi** 2003  
6. hefti: **Steinuð hús** 2003

Í endurskoðun:

2. hefti: **Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana** 1997  
Endurskoðuð útgáfa verður birt á vef Húsafriðunarnefndar 2009  
4. hefti: **Skrá yfir friðuð hús** 2000 – Skrá yfir friðuð hús er uppfærð á vef  
Húsafriðunarnefndar

## KIRKJUR ÍSLANDS

Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi frá  
sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu.

**Rit 1:** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hreppólakirkja, Hrunakirkja og Tungufellskirkja.

**Rit 2:** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja,  
Stóra-Núpskirkja og Villingaholtakirkja.

**Rit 3:** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Bræðratungukirkja, Búrfellskirkja, Miðdalskirkja,  
Mosfellskirkja og Torfastaðakirkja.

**Rit 4:** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Eyrarbyggjakirkja, Gaulverjabæjarkirkja,  
Kotstrandarkirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandarkirkja, Úlfliótsvatnskirkja og Þingvallakirkja.

**Rit 5:** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Goðdalakirkja, Hvammiskirkja, Ketukirkja, Reyjakirkja,  
Reynistaðarkirkja, Sauðárkrókskirkja, Silfrastaðakirkja, Sjávarborgarkirkja og Víðimýrarkirkja.

**Rit 6:** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Barðskirkja, Fellskirkja, Grafarkirkja, Hofskirkja,  
Hofsstaðakirkja, Hóladómkirkja, Knappsstaðakirkja og Viðvíkurkirkja.

**Rit 7:** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Árneskirkja, Kaldrananekirkja, Kollafjarðarneskirkja,  
Staðarkirkja í Steingrímsfirði, Breiðabólstaðarkirkja, Kirkjuhvammiskirkja, Staðarbakkakirkja,  
Staðarkirkja í Hrutafirði, Vesturhópshólakirkja og Víðidalstungukirkja.

**Rit 8:** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Auðkúlukirkja, Bergsstaðakirkja, Blönduóskirkja,  
Bólstaðarhlíðarkirkja, Hofskirkja, Holtastaðakirkja, Svínavatnskirkja, Undirfellskirkja og Þingeyrakirkja.

**Rit 9:** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Bakkakirkja, Bægisárkirkja, Glæsibæjarkirkja,  
Kvíabekkjarkirkja, Miðgarðakirkja, Möðruvallakirkja í Hörgárdal, Ólafsfjarðarkirkja,  
Tjarnarkirkja, Urðakirkja og Vallakirkja.

**Rit 10:** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Akureyrarkirkja, Grundarkirkja,  
Hólakirkja, Lögmannshlíðarkirkja, Minjasafnskirkja, Munkaþverárkirkja,  
Möðruvallakirkja í Eyjafirði og Saurbæjarkirkja.

**Rit 11:** Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi: Hvalsneskirkja, Kálfatjarnarkirkja, Keflavíkurkirkja,  
Kirkjuvogskirkja, Krýsuvíkurkirkja, Landakirkja, Njarðvíkurkirkja og Útskálakirkja.

**Rit 12:** Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi: Bessastaðakirkja, Brautarholtskirkja,  
Fríkirkjan í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarkirkja, Lágafellskirkja, Reynivallakirkja,  
Saurbæjarkirkja og Hallgrímskirkja í Vindáshlíð.